

Mál nr. 253/2008

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar ökutækis.

Endurgreiðsla veikindalauna til vinnuveitanda úr ábyrgðartryggingu ökutækis.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 17.11.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Sjónvá-Almennra trygginga hf., dags. 5.12.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A, starfsmaður M, varð fyrir snjósleðanum B þann 14.4.2007, en B var ábyrgðartryggður hjá vátryggingafélaginu X. A varð óvinnufær af völdum slyssins og greiddi M sem vinnuveitandi hans honum veikindalaun frá slysdegi til júniloka 2007, eða samtals 1.230.636 krónur að meðtöldum launatengdum gjöldum. Með vísan til 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 hefur hann krafðið X um endurgreiðslu þessarar fjárhæðar auk vaxta og kostnaðar úr ábyrgðartryggingu B.

Í rökstuðningi M fyrir kröfu sinni kemur fram að M sé lítið þjónustu- og verslunarfyrirtæki með sérhæfða starfsemi. Útilokað hafi verið að ráða annan starfsmann í stað A meðan hann var frá vinnu. Málið hafi því verið leyst með því að meira vinnuálag hafi verið sett á aðra starfsmenn, tilfærslur verið gerðar innan fyrirtækisins eftir því sem mögulegt var og biðtími þjónustunnar lengdist. Eflaust hafi einhverjir viðskiptavinir orðið frá að hverfa og leitað annað eftir þjónustu.

X hefur hafnað bótaskyldu þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni.

Álit.

Ekki er um það deilt að M hafi greitt umrædd laun til A auk launatengdra gjalda meðan hann var óvinnufær af völdum slyssins og M hafi ekki notið vinnuframlags A á tímabilinu.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 getur vinnuveitandi, sem hefur greitt slasaða laun eða aðrar launatengdar greiðslur vegna líkamstjóns, krafðið hinn skaðabótaskylda um endurgreiðslu að því marki sem vinnuveitandinn hefur orðið fyrir fjártjóni vegna slíkra greiðslna. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir fjártjóni vegna þeirra greiðslna sem hann innti af hendi vegna óvinnufærni A. Við svo búið á M ekki rétt til endurgreiðslu úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á endurgreiðslu úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 2. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.